

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 10. október 2012.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um formlega innleiðingu fjármálareglu. (57.mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í formlega innleiðingu fjármálareglu.*

Viðskiptaráð Íslands skilaði inn umsögn við tillögu sama efnis á síðasta löggjafarþingi. Ráðið styður þau markmið sem koma fram í tillögunni. Tekið er undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með tillögunni að með faglegri hagstjórn má draga, a.m.k. að hluta, úr sveiflum í gengi krónunnar þannig að hún geti nýst fyrirtækjum og landsmönnum betur en áður.

Viðskiptaráð hefur, bæði beint og óbeint, fjallað um atriði tengd tillögunni í skrifum sínum undanfarin ár. Í því samhengi er sérstaklega bent á skýrslu Viðskiptaráðs [Fjármál hins opinbera – aðrar leiðir færar](#) og skoðun ráðsins sem kom út júní 2010 undir heitinu [Ríkisfjármál – samstaða um bætt vinnubrögð](#). Einnig má vísa til annarra skoðana ráðsins um svipað efni<sup>1</sup>. Auk þessa hefur fjöldi fréttu verið birtar á vef og vísast hér sérstaklega til röð fréttu undir yfirheitinu [Styrkjum fjárlagagerðina](#).

Í ofangreindri skoðun lagði Viðskiptaráð fram tillögur sem stuðla að bættum vinnubrögðum við fjárlagagerð sem m.a. leiða af sér markvissara framlag fjármálstefnunnar til sveiflujöfnunar í hagkerfinu, aukið aðhald og gagnsæi í ríkisfjármálum og ýtir undir bættu áætlanagerð og opnari umræðu. Þetta stuðlar að upplýstri ákvarðanatöku og auknum fyrirsjáanleika í aðgerðum stjórnvalda, sem um leið stuðlar einnig að auknum stöðugleika. Þetta er mikilvægur þáttur í að ná því markmiði sem ofangreind tillaga leggur til og hemja sveiflur í gengi krónunnar og hagkerfisins alls – lífskjörum allra til hagsbóta.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri  
Viðskiptaráð Íslands

<sup>1</sup> Sjá: [Fjárlagafrumvarpið 2011- Niðurskurður að nafni til](#) frá nóvember 2010, [Samstaða um tæknilegar skattabreytingar](#) frá nóvember 2010 og [Sagan endalausa: Ekki frekari skattahækkunir](#) frá ágúst 2011.